

Samningur

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, kt. 460269-2969, í samningi þessum nefnt ráðuneytið, og KFUM og KFUK á Íslandi kt. 690169-0889, í samningi þessum nefnt KFUM og KFUK, gera með sér svofelldan samning um ráðstöfun á framlagi á fjárlögum til rekstrar KFUM og KFUK.

1. Markmið og starfsemi

- 1.1 Meginmarkmið með stuðningi ríkisins við KFUM og KFUK eru áherslur þeirra sem æskulýðssamtaka sem hefur að markmiði að skipuleggja fjölbreytt félags- og tómstundastarf fyrir börn og ungmenni. Stuðningur ríkisins við starf KFUM og KFUK tekur mið af gildi starfsins sem félags-, forvarna-, uppeldis- og menntunarvetvangur barna og ungmenna.
- 1.2 Starf KFUM og KFUK miðar að því að efla trúarlíf og siðferðiskennd og hlúa að andlegri, líkamlegri og félagslegri velferð einstaklingsins. KFUM og KFUK eru kristileg og samkirkjuleg sjálfboðaliðasamtök fyrir karla og konur sem leggur sérstaka áherslu á virka þátttöku ungs fólks í samfélaginu.
- 1.3 Samtökin hafi aðgerðaráætlun ef upp koma mál er tengjast kynferðislegu ofbeldi eða einelti. Ráðuneytið veur athygli á mikilvægi þess að samtökin vinni gegn hatusorðræðu á netinu og í starfinu.

2. Forsendur samnings og lagaheimildir

- 2.1 Framlag ráðuneytisins til samnings þessa er ákveðið í fjárlögum hvers árs. Á fjárlögum 2014 er framlagið 33,1 m.kr. Þar af er 5 m.kr. tímabundið framlag til KFUM og KFUK á Íslandi, annars vegar til að styrkja starf félaganna og hins vegar til að styrkja starf æskulýðsmiðstöðvar í Vatnaskógi, m.a. sumarbúðir fyrir börn með sérþarfir.
- 2.2 Ráðuneytið annast samskipti aðila vegna samningsins við fjármálaráðuneyti, sbr. 3. mgr. 21. gr. laga nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins, og við Alþingi. Það mun leggja til við fjárlagagerð að áfram verði veitt framlag til samningsins enda standi KFUM og KFUK við skuldbindingar sínar.
- 2.3 Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til samningsins í fjárlögum taka aðilar upp viðræður um aðlögun rekstrarins að breyttri fjárveitingu.
- 2.4 Eftirfarandi lagaákvæði, sem aðilar hafa kynnt sér, liggja til grundvallar samningi þessum og teljast hluti hans eftir því sem við á: Æskulýðslög nr. 70/2007 og lög um ríkisendurskoðun nr. 86/1997, sem fjallar um skyldur og heimild Ríkisendurskoðunar til að endurskoða og hafa eftirlit með samningnum.

3. Ábyrgð styrkþega

- 3.1 KFUM og KFUK sér um og ber ábyrgð á að framlag sé notað til eflingar starfs KFUM og KFUK.
- 3.2 KFUM og KFUK skal geta lagt fram gögn og skýrslur þessu til staðfestingar, sé eftir því leitað.
- 3.3 KFUM og KFUK ber ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á þess vegum stofna til í tengslum við samning þennan.
- 3.4 KFUM og KFUK er óheimilt að:
 - 3.3.1. Afhenda, án skriflegs samþykkis ráðuneytisins, réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila.
 - 3.3.2. Framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu skv. 45. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997.

4. Upplýsingar, samskipti og eftirlit

- 4.1 Ráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd samningsins.
- 4.2 Ráðuneytið greiðir árlegt framlag í tólf jöfnum hlutum fyrsta dag hvers mánaðar. Greitt er inn á bankareikning KFUM og KFUK.
- 4.3 KFUM og KFUK skilar ráðuneytinu áætlun um rekstur yfirstandandi árs, þar sem fram komi m.a. hvernig er áætlað að ráðstafa framlaginu og helstu starfsmarkmið sem unnið verður að, fyrir 20. mars 2014. Einnig skilar KFUM og KFUK upplýsingum um ný verkefni eða breytingar sem kunna að verða á rekstrinum á næsta starfsári.
- 4.4 Ráðuneytið boðar fulltrúa KFUM og KFUK á a.m.k. einn formlegan fund á ári um framkvæmd samningsins.
- 4.5 KFUM og KFUK ber að skila ráðuneytinu upplýsingum sem það kallar eftir vegna opinberrar upplýsingagjafar. KFUM og KFUK veitir ráðuneytinu upplýsingar sem það kallar eftir vegna eftirlits með framkvæmd samningsins. Ráðuneytinu er heimilt að framkvæma eða fela öðrum að gera athuganir og úttektir á rekstri KFUM og KFUK. Við eftirlit hefur ráðuneytið aðgang að gögnum hjá KFUM og KFUK sem við koma samningnum.
- 4.6 Gera skal grein fyrir framlagi ríkisins í ársreikningi KFUM og KFUK. Ráðuneytinu er heimilt að birta gögnin á vef sínum.
- 4.7 KFUM og KFUK skal fyrir lok júní 2015 skila inn greinargerð um framkvæmd samningsins og hvernig styrknum var ráðstafað í samanburði við áætlun og skilar ráðuneytinu endurskoðuðum ársreikning ársins á undan með skýringum og skal afrit jafnframt sent Ríkisendurskoðun.
- 4.8 Eigi KFUM og KFUK í viðskiptum við lögaðila sem það á eignarhluta í eða er í eigu fjárhagslegra tengdra aðila svo sem stjórnenda KFUM og KFUK, eða annarra aðila, skulu þeir fara fram á viðskiptalegum forsendum og gerð grein fyrir þeim í ársreikningi.


5. Vanefndir og meðferð ágreinings


- 5.1 KFUM og KFUK tilkynnir ráðuneytinu tafarlaust ef það telur vafa leika á um að það geti uppfyllt skyldur samkvæmt samningnum. Jafnframt greinir KFUM og KFUK frá úrræðum sem það hyggst grípa til.
- 5.2 Ráðuneytinu er heimilt að draga úr greiðslum, stöðva greiðslur og endurkrefja um greiðslur uppfylli KFUM og KFUK ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum.
- 5.3 Samningsaðilar munu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli
- 5.4 Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

6. Gildistími og lok samnings

- 6.1 Samningurinn gildir frá 1. janúar 2014 til 31. desember 2014.
- 6.2 Hvor aðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði eða verkefni samningsins eða samningurinn í heild verði tekin til endurskoðunar séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.
- 6.3 Óski annar hvor aðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega með 3 mánaða fyrirvara.
- 6.4 Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili eintaki.

Reykjavík, 17. mars 2014


Illugi Gunnarsson
mennta- og menningarmálaráðherra


Auður Pálsdóttir
formaður